Nd. **107. Frumvarp**

til laga um nöfn.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Hjer eftir er það lögboðið að fylgja gömlum sið um mannanöfn, og skal hver maður bera eitt íslenskt nafn og kenna sig til föður sins sem verið hefir, með þeim hætti, sem gerði Snorri Sturluson eður Þórgerður Egilsdóttir.

2. gr.

Ættarnafn má enginn taka sjer hjer eftir.

3. gr.

Óvittir skulu þeir menn, er nú bera ættarnöfn og eldri eru en 10 ára, þótt þeir haldi ættarnafninu til dauðadags, en þeir skulu leggja þau niður, sem yngri eru en tíu ára. Nú láta foreldrar börn sín eigi hlýða þessari grein, og koma þeir þá undir hæstu sektarákvæði laga þessara.

4. gr.

Heimilt skal manni að hafa viðurnefni, sem honum er gefið með nafnfesti að fornum sið.

5. gr.

Sektir skulu fyrir koma, ef mönnum eru gefin önnur nöfn en þau, sem íslensk eru og rjett að lögum tungu vorrar. Þær sektir skulu foreldrar eða umráðamenn og prestar gjalda hver um sig.

6. gr.

Hver maður skal heita einu nafni og jafnan rita fult nafn og föðurnafn með sama hætti alla æfi.

7. gr.

Nú hefir maður hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs.

8. gr.

Þessum fyrirmælum skulu allir íslenskir þegnar vera háðir, svo og þeir, er njóta sömu rjettinda sem þeir, og enn þeir erlendir menn, sem hafa vilja hjer landsvist til frambúðar.

9. gr.

Gömlum bæjanöfnum má eigi breyta, nema færð sjeu til rjetts máls, en hafi áður verið skökk orðin, nje heldur örnefnum, nema sannað verði annað eldra á sama stað.

10. gr.

Fornhelg nöfn, svo sem goðanöfn, slik sem Ásaheiti, eða staðanöfn, slik sem Lögberg, má engi maður óvirða með því að leggja þau við hjegóma, svo sem veitingastaði, smákot eða götur í kotbæjum.

Skulu slik helgispjöll varða 1000—10000 kr. sektum, ef eigi er þegar að gert, en auk þess 10 kr. dagsektum þar til fært verður til rjetts lags nafnið.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, öðrum en ákvæðum 10. gr., varða sektum, frá 200 til 2000 kr., og skulu þær sektir allar renna til unglingaskólahalds í sýslum landsins.

12. gr.

Lög nr. 41, 10. nóvember 1913, eru numin úr gildi, svo og önnur lagaákvæði, er komið geta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Nú á dögum hefir erlend snikjumenning, ljeleg í alla staði, náð svo sterkum tökum á mönnum, að þeir sæta hverju færi, sem gefst, til þess að skafa af sjer þjóðerni sitt og glata dýrmætri menning, er vaxið hefir um þúsundir ára upp af norrænni rót, en vjer geymum nú að mestu einir. Svo langt hefir þetta gengið, að sjálft Alþingi hefir sett lög til styrktar þessari þjóðernisglötun og að stjórn landsins hefir gefið út rit í sama skyni og látið landssjóð kosta útgáfuna. Jeg tala hjer um svo nefnda Kleppskinnu. Þetta frumvarp mitt er einskonar fyrirspurn til Alþingis, hvort það viti nokkurn annan skyldari til að vernda dýrustu eign þessarar þjóðar en sjálft sig.